

Breytingar á gjaldskrá.

Notanda skal skylt að hlíta ákvæðum gildandi gjaldskrár rafveitunnar og breytingum þeim, sem hreppsnefnd samþykkir og ráðherra staðfestir.

Verði ágreiningur milli rafveitustjóra og notanda um skilning á ákvæðum gjaldskrár eða settum skilyrðum fyrir rafmagnsnotkun, getur notandi krafizt þess, að ágreiningurinn verði lagður undir úrskurð hreppsnefndar.

C. Almenn ákvæði.*Brot á reglugerð.*

Brot gegn reglugerð þessari eða gegn reglum, sem settar verða samkvæmt henni, varða sektum allt að 10000 — tíu þúsund — krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Ef brot veldur skemmdum á eignum rafveitunnar, skal hinn brotlegi þess utan bæta skaðann.

Sektir renna í ríkissjóð.

Málsókn.

Með mál út af brotum á reglugerð þessari eða á reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 19. september 1950.

Hermann Jónasson.

Þorv. K. Þorsteinsson.

S A M Þ Y K K T**um forkaupsrétt Siglufjarðarkaupstaðar á hafnarmannvirkjum og fleiru.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum og fleiru, hefur bæjarstjórn Siglufjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Siglufjarðarkaupstað er áskilinn forkaupsréttur á öllum útgerðarstöðvum með lóðarréttindum, frá bryggjum sildarverksmiðja ríkisins, suður að svo kölluðu Anleggi og á móts við það og suður að því, en það eru eftirtaldar útgerðarstöðvar:

- Hraðfrystihús og lóðarréttindi h.f. Hrímnis (Þormóðsreitur).
- Sildarstöð og lóðarréttindi Samvinnufélagsins Jarlinn (Þormóðsreitur).
- Sildarstöð og lóðarréttindi dætra Óskars Halldórssonar (Ásgeirsreitur).
- Sildarstöð og lóðarréttindi Ólafs Henrikssen (Hinriksreitur).
- Sildarstöð og lóðarréttindi Hinriks Thorarensen (Búðarreitur).

- Síldarstöð og lóðarréttindi Ólafs Ragnars (Ragnarsreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi h.f. Hafliði (Hjaltareitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi dánarbús Halldórs Jónassonar (Halldórsreitur).
 Hús og lóðarréttindi Edvins Jacobsen við Gránugötu.
 Síldarstöð og lóðarréttindi Kaupfélags Sigfirðinga (Kveldúlsreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Jóns Hjaltalíns (Hjaltalínsreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Sameignarfélagsins Ísafold (Friðleifsreitur).
 Hraðfrystihús Sameignarfélagsins Ísafold (Friðleifsreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Alfons Jónssonar (Helgareitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi h.f. Sunnu (Álalækjarreitur).
 Síldarstöð og lóðarréttindi h.f. Sunnu (Ólagata 4).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Óskars Halldórssonar (Snorrágata 1).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Skafta Stefánssonar (Snorrágata 7).
 Síldarstöð og lóðarréttindi h.f. Njörður (Snorrágata 9).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Samvinnufélags Ísfirðinga (Snorrágata 11).
 Síldarstöð og lóðarréttindi Ásgeirs Péturssonar h.f. ásamt fiskimjölsverksmiðju og hraðfrystihúsi með lóðarréttindum.
 Siglufjarðarkaupstað er enn fremur áskilinn forkaupsréttur að lóðarréttindum þeim, með tilheyrandi mannvirkjum, sem hér segir:
 Ránargata 2, Kambsreitur, eign Olíuverzlunar Íslands h.f.

199

20. sept.

Samþykkt þessi öðlast gildi 20. september 1950 og gildir í 5 ár frá þeim degi að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 20. september 1950.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

200

21. sept.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Borgarfjörð í Norður-Múlasýslu,
 nr. 15 31. jan. 1947.

1. gr.

VI. kafli hafnarreglugerðarinnar verði svo hljóðandi, og breytist greinatala reglugerðarinnar samkvæmt því:

VI. KAFLI

Um lesta- og bryggjugjald.

7. gr.

Öll skip, 12 smálestir og stærri, skulu greiða hafnargjald, er þau koma á Borgarfjarðarhöfn og hafa samband við land.

Undanþegin eru skip, sem leita hafnar vegna óveðurs eða sjóskemmda, svo og varðskip, björgunarskip, skemmtiferðaskip og skip, sem gerð eru út til vísindarannsóknna.

Hafnargjald greiðist af brúttóstærð skips og reiknast í heilum tölum.